

Gjaldskrá

103
24. júlí

fyrir notkun rafmagns í Vestmannaeyjasýslu.

1. gr.

Verð á rafmagni til ljósa í íbúðarhúsum, samkomuhúsum, skólum, búðum, verksmiðjum og öðrum húsum, sem ekki eru sjerstaklega tiltekin á gjaldskránni, skal vera yfir árið:

Fyrir 1. ljós 16 kerta	kr. 7,00
— 2. — — — —	13,00
— 3. — — — —	19,00
— 4. — — — —	25,00
— 5. — — — —	30,00

Síðan 5 krónur að auki fyrir hvert ljós 16 kerta þar yfir upp í 20 ljós, en 4 krónur fyrir hvert ljós 16 kerta og þar yfir.

Þegar ljósmagn það, sem hvert hús vill fá, er talið saman í 16 kerta ljós, skal $\frac{1}{4}$ ljóss slept en $\frac{3}{4}$ ljóss reiknað sem heilt; $\frac{1}{2}$ ljós reiknað sem hálf.

Sýslunefndinni er heimilt að færa gjald þetta niður alt að helmingi, fyrir þau hús, sem nota ljósin minna en hálfan ljóstima ársins.

Verð á rafmagni til ljósa á götum, bryggjum og fiskihúsum kaupsins skal vera hið sama eftir ljósmagni eins og að ofan er ákveðið, en sýslunefndin hefir hina sömu heimild til niðurfærslu, alt að helmingi, ef sjerstakar ástæður mæla með því.

2. gr.

Verð á rafmagni til suðu eða hitunar, eða til vjelareksturs verður ákveðið með samningi fyrir hvern sjerstakan notanda, verði á annað borð nokkuð rafmagn selt til slíkrar notkunar.

3. gr.

Árið reiknast frá nýári til nýárs og ljósgjaldið greiðist í tvennu lagi. Fyrri helmingur gjaldsins greiðist fyrir 1. mars, en síðari helmingurinn fyrir 1. október ár hvert. Taka má gjaldið lögtaki. Húseigandi ber ábyrgð á því, að gjaldið sje greitt í tæka tíð.

Gjaldskrá þessi er hjermeð sett, samkvæmt lögum 3. nóv. 1915 um rafmagnsveitur, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 24. júlí 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson,